

Sveitarfélagið Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórolfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 13. júlí 2023
UST202306-057/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 – Íbúðarbyggð á Sauðárkróki – Sveinstún

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 fyrir íbúðarbyggð á Sauðárkróki – Sveinstún. Í greinargerð kemur fram að breytingin er tvíþætt og felur í sér stækkun íbúðabyggðar ÍB-410 til suðurs inn á hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis SL402. Fjöldi nýrra íbúða íbúðarsvæðisins fer úr 50 íbúðir í 85. Sá hluti SL-402 sem eftir stendur verður hluti af opnu svæði OP-401 og stækkar því OP-401 úr 4,2 ha í 6,4 ha. Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur